

Viðmiðunargjöld fyrir svæðisbundnar útvarpsstöðvar júli 2010

ATHUGIÐ: Einnig þarf að greiða SFHgjald, sjá www.sfh.is

Árlegur senditími	Reykjavík og nágrenni	Útvarpsstöðvar utan Reykjavíkur og nágrennis, fjöldi íbúa á útsendingarsvæði			
		18.000 eða fleiri	12.000-18.000	6.000-12.000	færri en 6.000
0 - 500	128.720	64.360	64.360	64.360	64.360
501 - 1.000	257.441	128.720	128.720	128.720	128.720
1.001 - 1.500	514.881	257.441	257.441	257.441	257.441
1.501 - 2.000	772.322	386.161	313.176	295.194	276.749
2.001 - 2.500	1.029.762	514.881	368.912	332.948	296.057
2.501 - 3.000	1.287.203	643.601	424.648	370.701	315.365
3.001 - 3.500	1.544.643	772.322	480.384	408.455	334.673
3.501 - 4.000	1.802.084	901.042	536.120	446.209	353.981
4.001 - 4.500	2.059.524	1.029.762	591.856	483.962	373.289
4.501 - 5.000	2.316.965	1.158.482	647.592	521.716	392.597
5.001 - 5.500	2.574.405	1.287.203	703.327	559.470	411.905
5.501 - 6.000	2.831.846	1.415.923	759.063	597.223	431.213
6.001 - 6.500	3.089.286	1.544.643	814.799	634.977	450.521
6.501 - 7.000	3.346.727	1.673.363	870.535	672.731	469.829
7.001 - 7.500	3.604.167	1.802.084	926.271	710.484	489.137
7.501 - 8.000	3.861.608	1.930.804	982.007	748.238	508.445
8.001 - 8.500	4.119.048	2.059.524	1.037.743	785.992	527.753
8.501 - 8.760	4.376.489	2.188.244	1.094.122	820.592	547.061

Skammtímaútlit:	STEF	SFH	alls
1) Útlit allt að viku, 0,5% af hæsta árgjaldi	21.884	13.130	35.014
Hver byrjaður dagur 2. viku	5.471	3.284	8.755
Hver byrjaður dagur 3. viku	7.659	4.596	12.255
Hver byrjaður dagur 4. viku	9.848	5.910	15.758
Þó aldrei hærra gjald en sem svarar mánaðarútliti.			
2) Útlit allt að mánuði, 1/24 af hæsta árgjaldi	182.354		
Mánaðarútlit úti á landsbyggðinni 1/2 gjald	91.177		
3) Útlit lengur en einn mánuð miðast við útsendingartíma.			

Gjöldin miðast við lánskjaravísitölu **7213** stig og breytist í samræmi við breytingar á henni 1/3, 1/6, 1/9 og 1/12 ár hvert.

Með senditíma er átt við heildarútsendingartíma útvarpsstöðvar, en ekki aðeins útsendingartíma tónlistar.

Almennir skilmálar.

- Gjald þetta miðast við svæðisbundnar hljóðvarpsstöðvar, sem hvorki innheimta afnotagjöld af hlustendum né hafa tekjur að marki af auglýsingum eða sambærilegar tekjur, og eru ekki rekarnir í ágóðaskyni.
- Fyrir rétt til flutnings verka, sem STEF hefur umboð fyrir, að undanskildum leikritum, ballettum, óperum, óperettum og öðrum leikverkum, skal greiða flutningsgjald samkvæmt ofangreindum taxta. Leyfi til upptöku verka á bönd eða plötur er ekki innifalið í gjaldinu, heldur þarf að sækja um leyfi til hvers konar upptöku verka sérstaklega.
- Greiðsla skal inna af hendi einu sinni á ári, hinn 15. febrúar hvert ár, nema um annað sé samið. Gjald vegna skammtímaútlits greiðist fyrirfram nema viðunandi trygging sé sett. Setja verður tryggingar fyrir minnst 3ja mánaða gjaldi, ef um heilsársútlit er að ræða.
- Láta skal STEFi í té skýrslur um alla tónlist, sem flutt er. Skal þar tilgreint það, sem nauðsynlegt er til að STEF geti gert umbjóðendum sínum reikningsskil, þ.e. nafn tónverks, höfundar, útsetjara, útgefanda, tegund og tímalengd verks og annað eftir nánara samkomulagi. Um þau tónverk, sem flutt eru af plötum, verður ekki krafist frekari vitneskju en platan ber með sér sjálf. Veita má undanþágur frá þessu ákvæði.
- Heimilt er að lækka meðfylgjandi taxta ef tónlistarflutningur er óverulegur hluti af útsendingum hljóðvarpsstöðvar eða ef um er að ræða útsendingar samsvarandi tilvikum þeim, sem greind eru í 21. gr. höfundalaga nr. 73, 1972.